

## 5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 5. gr. laga nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald, öðlast þegar gildi og skal koma til framkvæmda í fyrsta sinn vegna gjaldskyldrar framleiðslu á tímabilinu 1. febrúar 1986 til 31. mars 1986. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 38/1986.

*Fjármálaráðuneytið, 25. apríl 1986.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Sigurgeir Jónsson.*

**SAMÞYKKT**

**fyrir veiðifélag Sandár, Svalbarðshreppi, N-Þingeyjarsýslu.**

## 1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Sandár. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

## 2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Sandá, en þær eru Flaga I, Flaga II, Fjallalækjarsel, Leirlækur, Ósland, Syðra-Áland og Ytra-Áland.

## 3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangaveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

## 4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

## 5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

## 6. gr.

Aðalfund skal halda í apríl mánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

## 7. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

## 8. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum skv. XVI. kafla laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 15. apríl 1986.*

**Jón Helgason.**

*Ragnheiður Árnadóttir.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Vestmannaeyjum.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, frá 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Vestmannaeyja, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Vestmannaeyjum.

Á Strandvegi, sunnanverðum, er óheimilt að leggja ökutækjum lengur en 30 mínútur á tímabilinu frá kl. 09.00 til kl. 19.00.

*Lögreglustjórnin í Vestmannaeyjum, 15. apríl 1986.*

**Jón Ragnar Þorsteinsson, settur.**

## GJALDSKRÁ

### vegna hundahalds í Mosfellshreppi fyrir árið 1986.

## 1. gr.

Gjald fyrir hvern hund í Mosfellshreppi sbr. 2. gr. samþykktar um hundahald í Mosfellshreppi dags. 3. maí 1985, skal vera kr. 3 400,00 fyrir árið 1986.

## 2. gr.

Handsömunargjald verður kr. 700,00 í fyrsta skipti og kr. 1 100,00 í annað skipti.